

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/586****2022/EES/20/02****frá 14. júlí 2016**

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í tengslum við samstarf við eftirlit, sannprófanir á staðnum og rannsóknir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Upplýsingarnar sem skiptast skal á í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB ættu að vera þannig að umfangi og eðli að lögbær yfirvöld geti sinnt eftirlitsskyldum og eftirlitsstörfum sínu með skilvirkum hætti. Því er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld geti skipst á upplýsingum sem gera þeim kleift að hafa eftirlit með háttsemi einstaklinga og lögaðila hver í sinni lögsögu.
- 2) Til að lögbær yfirvöld geti haft skilvirkt eftirlit með verðbréfafyrirtækjum, rekstraraðilum markaða og veitendum gagnþjónustu er mikilvægt að þau skiptist á viðeigandi upplýsingum um: almennar grunnupplýsingar og stofnskjöl (þ.m.t. landsbundnar stofnsamþykktir eða önnur skjöl sem veita innsýn inn í uppbyggingu og starfsemi aðila), upplýsingar um ferli við leyfisveitingar, upplýsingar í tengslum við stjórnir verðbréfafyrirtækja, m.a. upplýsingar sem geta staðfest hæfi stjórnarmanna svo sem starfsreynsla (þ.m.t. ferilskrá þeirra þar sem fram kemur viðeigandi menntun og þjálfun, fyrri fagleg reynsla og störf eða önnur tengd hlutverk sem nú er krafist að því er varðar tilskipun 2014/65/ESB), upplýsingar um orðspor þeirra, upplýsingar um hluthafa og aðila með virkan eignarhlut svo sem grunnupplýsingar um fyrirtækið og orðspor, upplýsingar um starfsleyfi félagsins, þ.m.t. upplýsingar um félög sem fengu starfsleyfi eða var synjað um starfsleyfi, upplýsingar um skipulagskröfur skipulegs markaðar, upplýsingar um starfsleyfi gagnþjónustuveitanda, upplýsingar um undanþágur sem veittar voru eða synjað var um fyrir að flokka viðskiptavinum sem „fagfjárfesta“, upplýsingar um viðurlög og stjórnvaldsaðgerðir, upplýsingar um rekstur og viðeigandi sögu um háttsemi og hlítu.
- 3) Mikilvægt er að gera lögbærum yfirvöldum kleift að skiptast einnig á viðeigandi upplýsingum vegna skilvirks eftirlits með lánastofnunum ef þær veita fjárfestingarþjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi.
- 4) Til að geta sinnt eftirlitsskyldum sínum með heildstæðum hætti er einnig mikilvægt að lögbær yfirvöld geti skipst á viðeigandi upplýsingum sem þau búa yfir, þ.m.t. upplýsingum um verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða, veitendur gagnaskýrsluþjónustu, lánastofnanir, fjárhagslega mótaðila, aðila eða þátttakendur á skipulegum mörkuðum, markaðstorg fjármálagerninga eða aðila sem falla undir undanþágur skv. 2. eða 3. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Auk þess ættu lögbær yfirvöld að geta skipst á viðeigandi grunnupplýsingum um aðila sem veita fjárfestingarþjónustu án tilskilins starfsleyfis samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.
- 5) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 382. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup>.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafði ekki samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem þau varða upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda þegar þau eiga í samstarfi við eftirlit, sannprófanir á staðnum og rannsóknir og taldist það ekki í samræmi við umfang þeirra og áhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Gildissvið**

Þær upplýsingar sem lögbært yfirvald sem beiðni um samstarf er beint til (yfirvald sem beiðni er beint til) og lögbæra yfirvaldið sem óskar eftir samstarfi (yfirvald sem leggur fram beiðni) skulu skiptast á skv. 80. gr. tilskipunar 2014/65/ESB geta varðað eftirfarandi aðila:

- a) verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaðar eða veitanda gagnaskýrsluþjónustu með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB,
- b) lánastofnun með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(2)</sup> sem veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi,
- c) annan einstakling eða lögaðila eða óskráðan aðila eða félag sem ekki er tilgreint í a- og b-lið.

*2. gr.*

#### **Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða eða veitendur gagnaskýrsluþjónustu**

1. Ákveði lögbært yfirvald að óska eftir samstarfi er því heimilt að óska eftir eftirfarandi upplýsingum í tengslum við aðila sem um getur í a-lið 1. gr.:

- a) almennum upplýsingum og stofnskjöllum aðilanna:
  - i. upplýsingum um heiti aðilanna, heimilisfang höfuðstöðva þeirra og/eða skráðrar skrifstofu þeirra, samskiptaupplýsingar, landsbundna kennitölu aðilans og yfirlitum úr landsbundnum skráum,
  - ii. upplýsingum varðandi stofnskjöl sem aðilunum ber að búa yfir samkvæmt viðkomandi landslögum,
- b) upplýsingum eins og tilgreint er í 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sem varða leyfisveitingarferli aðila ef slíkar upplýsingar eru ekki í opinberri skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við k-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010,
- c) upplýsingum sem varða stjórnarmenn og framkvæmdastjóra, eða einstaklinga sem stjórna í reynd starfsemi, aðilanna og aflað hefur verið í leyfisveitingarferlinu, þ.m.t.:
  - i. nöfnum þeirra, kennitölum (séu þær notaðar í viðkomandi aðildarríki), búsetustað og samskiptaupplýsingum,
  - ii. upplýsingum um þær stöður sem slíkir einstaklingar hafa verið skipaðir í hjá viðkomandi aðila,

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- iii. skipuriti yfir stjórnunarfyrrirkomulag eða tilgreiningu á þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á starfseminni sem aðilinn stundar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB,
- d) upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að meta hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eða einstaklinga sem stjórna í reynd starfsemi aðilanna, þ.m.t.:
  - i. upplýsingum um starfsreynslu,
  - ii. upplýsingum sem varða orðspor stjórnarmannsins, framkvæmdastjórans eða einstaklingsins, þ.m.t.:
    - upplýsingum um sakavottorð og sakamál sem hafa verið rannsökuð eða höfðuð, einka- og stjórnsýslumál sem máli skipta og viðurlagabeitingu (þ.m.t. sviptingu stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða gjaldþrot, ógjaldfærni eða svipuð ferli), á formi opinbers vottorðs, sé það til, eða annars jafngilds skjals,
    - upplýsingum um yfirstandandi rannsóknir, mál sem varða framfylgd laga, viðurlög eða aðrar stjórnvaldsákvarðanir gagnvart einstaklingi,
    - upplýsingum um synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn slíkrar skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis, eða útilokun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,
    - upplýsingum um brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands eða svipaðar aðstæður,
- e) upplýsingum um hluthafa og félagsmenn með virka eignarhluti, þ.m.t.:
  - i. lista yfir aðila með virkan eignarhlut,
  - ii. fyrir hluthafa sem eru hluti af fyrirtækjasamstæðu, skipurit yfir fyrirtækjasamstæðuna þar sem fram kemur starfsemi hvers félags innan hennar og tilgreind eru öll félög eða einstaklingar innan samstæðunnar sem starfa samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB,
  - iii. upplýsingum og skjölum sem nauðsynleg eru til að meta hæfi þeirra,
- f) upplýsingum um stjórnskipulag, rekstrarskilyrði og hlítni við þær kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2014/65/ESB, þ.m.t.:
  - i. upplýsingum um regluvörslu- og áhættustýringarstefnu og -ferli sem krafist er samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB í tengslum við aðila og einkaumboðsmenn þeirra,
  - ii. gögnum um hlítni aðilanna, þ.m.t. upplýsingum sem lögbær yfirvöld búa yfir,
  - iii. upplýsingum um skipulags- og stjórnunarfyrrirkomulag sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eins og þeir eru skilgreindir í 23. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - iv. sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem búa til fjármálagerninga til að selja viðskiptavinum, upplýsingum um ferli til viðurkenningar hvers fjármálagernings, þ.m.t. upplýsingar um markhóp og dreifingaráætlun sem og upplýsingar um fyrirkomulag endurskoðunarstefnu,
  - v. fyrir verðbréfafyrirtæki, upplýsingum um skyldur þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB <sup>(1)</sup>,
  - vi. upplýsingum sem hægt er að óska eftir frá verðbréfafyrirtækjum í samræmi við starfsemina og kröfurnar sem tilgreindar eru í 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- g) upplýsingum um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja sem veitt eru í samræmi við 5.–10. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- h) upplýsingum um starfsleyfi skipulegra verðbréfamarkaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu sem veitt eru í samræmi við, í sömu röð, 44., 45. og 46. gr. sem og 59.–63. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

- i) upplýsingum um undanþágur sem veittar hafa verið eða synjað hefur verið um í tengslum við viðskiptavini sem heimilt er að fara með sem fagfjárfesta, sé þess óskað, eins og sett er fram í II. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB,
  - j) upplýsingum um viðurlög og stjórnvaldsaðgerðir sem aðilarnir eru beittir, þ.m.t.:
    - i. upplýsingum um viðurlög sem beitt er gagnvart aðila, eða stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða einstaklingum sem í reynd stjórna starfsemi aðilans,
    - ii. upplýsingum sem varða brot aðila, eða einstaklinga sem gegna stjórnunarstöðum,
    - iii. upplýsingum um sakavottorð, sakamál eða stjórnsýslumál sem hafa verið rannsökuð eða höfðuð og einkamál, stjórnsýslumál og viðurlagabeitingu sem skipta máli, á forni opinbers vottorðs, sé það til, eða annars jafngilds skjals,
  - k) upplýsingum sem varða rekstur og viðkomandi sögu um háttsemi og hlítu í tengslum við efni beiðninnar, þ.m.t.:
    - i. upplýsingum sem varða atvinnustarfsemi aðila í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB,
    - ii. innri fundargerðum eða gögnum sem félög og útibú halda vegna eftirlits viðkomandi lögbærs yfirvalds,
  - l) öllum öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir samstarf við eftirlit, sannprófanir á staðnum eða rannsóknir sem um getur í 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
2. Ef aðildarríki krefst þess að fyrirtæki frá þriðja landi komi á fót útibúi skv. 1. og 2. mgr. 39. gr. tilskipunar 2014/65/ESB er lög-bæru yfirvaldi annars aðildarríkis heimilt að óska eftir, frá yfirvaldinu sem ber ábyrgð á eftirliti með því útibúi, upplýsingum sem aflað hefur verið frá yfirvaldi heimaríkisins í tengslum við veitingu leyfis fyrir opnun útibúsins, þ.m.t.:
- a) upplýsingum sem máli skipta fyrir eftirlit með hlítu við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 <sup>(1)</sup> eða ákvæði sem sett eru og ráðstafanir sem gerðar eru til innleiðingar á tilskipun 2014/65/ESB,
  - b) svörum stjórnar og framkvæmdastjórnar verðbréfafyrirtækis í þriðja landi, eða einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi aðilans, við spurningum lögbæra yfirvaldsins.

### 3. gr.

#### Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við lánastofnanir

Ákveði lögbært yfirvald að óska eftir samstarfi er því heimilt að óska eftir eftirfarandi upplýsingum í tengslum við þá aðila sem um getur í b-lið 1. gr.:

- a) upplýsingum sem um getur í a-, f-, i- og j-lið 1. mgr. 2. gr.,
- b) öllum nánari upplýsingum sem máli skipta fyrir eftirlit með hlítu lánastofnana við reglugerð (ESB) nr. 600/2014 eða ákvæði sem sett eru og ráðstafanir sem gerðar eru til innleiðingar á tilskipun 2014/65/ESB,
- c) öllum öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir samstarf við eftirlit, sannprófanir á staðnum eða rannsóknir sem um getur í 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

### 4. gr.

#### Upplýsingar sem skiptast skal á í tengslum við aðila sem um getur í c-lið 1. gr

1. Ef lögbært yfirvald ákveður að óska eftir samstarfi í tengslum við einstaklinga sem um getur í c-lið 1. gr. er því heimilt að óska eftir a.m.k. nafni, fæðingardegi og fæðingarstað, kennitölu, heimilisfangi og samskiptaupplýsingum viðkomandi.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjórn. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

2. Að því er varðar lögaðila eða hvers konar óskráðan aðila eða félag, sem um getur í c-lið 1. gr., er lögbæru yfirvaldi einnig heimilt að óska eftir a.m.k. gögnum sem staðfesta firmaheiti og skráð heimilisfang höfuðstöðva þess og póstfang, sé það annað, samskiptaupplýsingar og landsbundna kennitölu þess, skráningu félagsforms í samræmi við viðkomandi landslög, tæmandi lista yfir einstaklinga sem í reynd stjórna starfseminni þar sem fram koma nafn, fæðingardagur og fæðingarstaður, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og landsbundin kennitala viðkomandi.

3. Auk þess er lögbærum yfirvöldum heimilt að óska eftir að skipst sé á eftirfarandi upplýsingum í tengslum við einstaklinga sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB:

- a) upplýsingum um fjárfestingarþjónustuna og -starfsemina sem stunduð er,
- b) upplýsingum um alla aðila sem vitað er til að einstaklingurinn eða lögaðilinn hafi haft samband við í tengslum við veitingu fjárfestingarþjónustu eða stundun fjárfestingarstarfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar.

4. Í öllum tilvikum er lögbærum yfirvöldum heimilt að óska eftir upplýsingum í tengslum við aðila sem um getur í c-lið 1. gr. sem aflað er í samræmi við og varða hlítu við reglugerð (ESB) nr. 600/2014 eða ákvæði sem sett eru til framkvæmdar á tilskipun 2014/65/ESB, og heimilt að óska eftir öllum öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til samstarfs við eftirlit, sannprófanir á staðnum eða rannsóknir sem um getur í 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

5. gr.

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem kemur fram fyrst í annari undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*